Tilvísun í mál: R18120160

Reykjavík, 19. desember 2018
R18120160

Alþingi - nefndasvið
Kristjana Benediktsdóttir

Austustræti 8-10
150 Reykjavík

Efni:
***Umsögn um tillögu til þingsályktunar um kynjavakt Alþingis***

Mannréttinda-og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar tekur þingsályktunartillögu um kynjavakt Alþingis fagnandi.
Greining eða úttekt á stöðu mála út frá kynjasjónarmiðum er nauðsynleg en skrifstofan vill þó vekja athygli á því að það er einnig nauðsynlegt að kynjavaktin hafi leiðir eða umboð til að benda á það sem betur má fara.
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa telur og mikilvægt að kynjavaktin hafi kynjafræðing sem vinni fyrir vaktina. Þekking á jafnréttismálum er nauðsynleg til að samþætta kynjasjónarmið inn í allt starf þingsins en það er gert ráð fyrir því að það sé gert sbr. verkfærakistu jafnréttis sem Alþjóðaþingmannasambandið gefur út og fylgir tillögunni.

Anna Kristinsdóttir

Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar